

**Dreifibréf til sveitarfélaga, forráðamanna  
fyrirtækja í sorphirðu og annarra sem málið varðar.**

Reykjavík, 26.3.2018  
Tilvísun: 201802-0059/3.02.06

### Vinna við söfnun á lífrænum úrgangi

Vinnueftirlitið vill vekja athygli á nokkrum atriðum varðandi vinnulag við söfnun á lífrænum úrgangi. Mörg gámafyrirtæki bjóða upp á lausn við sorphirðu þar sem lífrænum úrgangi er safnað í ílát innan í almennum sorptunnum, í stað þess að sérstök tunna sé notuð til að safna lífrænum úrgangi.

#### Vinnuvernd í sorphirðu

Mikilvægt er að þróun starfa sé þess eðlis að hún færist nær því að bæta öryggi og heilsu starfsmanna við vinnu. Þegar þessi lausn við sorphirðu er notuð þurfa starfsmenn að tæma ílátin og við það eykst áhætta þeirra, annars vegar við að lyfta þungum byrðum og hins vegar vegna smithættu þegar þeir komast í beina snertingu við sorpið.

Afleiðingar fyrir starfsmenn sem vinna við slíkar aðstæður geta verið margvíslegar, s.s. sýkingar, smitsjúkdómar og ýmis stoðkerfisvandamál, t.d. axlar- og bakvandamál. Að auki eru starfsmenn sem vinna við óæskilegt álag á stoðkerfi líklegri til að glíma við stoðkerfisvanda síðar á lífsleiðinni.

Stoðkerfisvandamál eru næstalgengasta orsök örorku á Íslandi og eru stoðkerfisverkir algeng ástæða veikindafjarvista. Þetta hefur m.a. í för með sér mikinn kostnað fyrir atvinnurekendur og samfélagið.

#### Lágmarka meðhöndlun byrða við vinnu

Samkvæmt reglugerð 499/1994 skal atvinnurekandi skipuleggja vinnu þannig að starfsmenn þurfi ekki að handleika þungar byrðar þar sem hjá því verður komist, að öðrum kosti skal lágmarka slíka vinnu. Við sorphirðu er tækni í notkun sem gerir starfsmönnum kleift að komast hjá því að lyfta þungum byrðum. Ef notast er við sérstakar tunnur af réttri hæð fyrir lífrænan úrgang er hægt að nota þessa léttitækni og koma í veg fyrir ofangreinda áhættuþætti.

Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar er að finna á heimasíðu stofnunarinnar:

[http://www.vinnueftirlit.is/media/sem-heyra-undir-vinnuvernd/499\\_1994.pdf](http://www.vinnueftirlit.is/media/sem-heyra-undir-vinnuvernd/499_1994.pdf)

Í ljósi þessa mælist Vinnueftirlitið eindregið til þess að lífrænu sorpi sé safnað í sérstakar tunnur svo starfsmenn þurfi hvorki að lyfta þungum byrðum né komast í beina snertingu við sorpið við sína vinnu.

  
Svava Jónsdóttir  
Sviðsstjóri

Virðingarfyllt

  
Steinþóra Jónsdóttir  
Sérfræðingur